

# Hverfið mitt 2018

Hverfið mitt 2018 er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Verkefnið hefst í febrúar 2018 og stendur fram í október 2019.

Íbúar geta tekið þátt og fylgst með verkefninu á samráðsvefnum [www.hverfidmitt.is](http://www.hverfidmitt.is), á Facebook: <http://www.facebook.com/Betri.Reykjavik>, í Framkvæmdasjá <http://reykjavik.is/framkvaemdir-i-reykjavik-framkvaemdasia> eða í gegnum sína þjónustumiðstöð eða hverfisráð.

## Hvaða hugmyndafræði liggur að baki?

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þátttökulýðræði, þátttökufjárhagsáætlunargerð - að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Byggt er á reynslu fyrri ára en jafnframt leitað í smiðju sérfræðinga og annarra borga um heiminn þar sem þátttökufjárhagsáætlunargerð hefur verið reynd.

## Tímasetningar

### 20.2 - 20.3 Hugmyndasöfnun

27.2 - 30.4 Innsendar hugmyndir metnar af umhverfis- og skipulagssvið

8.5 - 15.6 Hverfisráð stilla upp 25 hugmyndum í hverju hverfi

30.5 - 1.9 Frumhönnun hugmynda fyrir kosningu

15.8 – 10.10 Undirbúningur fyrir rafræna kosningu

### 11.10 -30. 10 Hverfakosning

6.11- 14.3. Undirbúningur framkvæmdar

14.4 – 30.9 Framkvæmd

### 1.10.2019 Verklok

## Skipting fjármagns eftir hverfum

Gert er ráð fyrir 450 milljónum króna til verkefnisins. Fjármagn er eins og áður bundið við smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni.

Til að tryggja minnstu hverfunum lágmarksfjárhæð til umráða er fjórðungi fjárheimildarinnar skipt jafnt milli hverfa. Það fjármagn sem eftir stendur skiptist á milli hverfanna í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

Fyrstu 112,5 milljónum er þannig skipt jafnt milli hverfanna tíu og koma því að lágmarki 11,25 milljónir króna í hlut hvers hverfis. Því sem eftir stendur, eða 337,5 milljónum króna, er skipt á milli þeirra 122.709 íbúa sem staðsettir eru í hverfum borgarinnar þannig að í hlut hvers og eins koma kr. 2.750,41. Þessi tala er svo margfölduð með íbúatölu hvers hverfis og fæst þá heildarfjárheimild hverfisins. Upplýsingar um fjölda íbúa í hverfum eru frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og miðast við stöðuna við árslok 2016.

- Árbær: 42 milljónir
- Breiðholt: 70 milljónir
- Grafarholt-Úlfarsárdalur: 30 milljónir
- Grafarvogur: 61 milljónir
- Háaleiti-Bústaðir: 51 milljónir
- Hlíðar: 39 milljónir
- Kjalarnes: 14 milljónir
- Laugardalur: 56 milljónir
- Miðborg: 33 milljónir
- Vesturbær: 55 milljónir

## Hugmyndasöfnun 27 febrúar - 20. mars 2018

Óskað er eftir hugmyndum að verkefnum sem kosið verður um í hverfakosningunni Hverfið mitt í október 2018. Hugmyndirnar eiga að:

- bæta hverfið á einhvern hátt.
- rúmast innan fjárhagsáætlunar hverfisins.

- vera framkvæmanlegar innan þess tímaramma sem verkefninu er gefinn.
- falla að skipulagi borgarinnar og stefnu og vera á borgarlandi.
- færa hverfið nær framtíðarsýn íbúanna, t.d. snjallt hverfi, heilsueflandi, barn- og aldursvænt.

Hugmyndirnar geta t.d. varðað :

- umhverfi og möguleika allra aldurshópa til útivistar og samveru.
- aðstöðu til leikja og afþreyingar.
- betri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi borgarbúa.
- snjallar útfærslur á allskonar.

Innsendar hugmyndir eru svo metnar út frá þessum punktum og stillt upp til kosninga meðal íbúa.

Þegar hugmynd er sett inn á samráðsvefinn [www.hverfidmitt.is](http://www.hverfidmitt.is) þarf fyrst að skrá sig á vefinn, velja hverfi og huga að því að heiti hugmynda, staðsetning og lýsing sé skýr. Hægt er að setja inn hugmynd í hvaða hverfi borgarinnar sem er, óháð búsetu. Með sama hætti er hægt að bæta við rökum við hugmynd. Öllum stendur til boða að nota almenningstölur í bókasöfnum og þjónustumiðstöðvum borgarinnar í þessu skyni.

Íbúar kynna sér á vefnum hugmyndir annarra, rökræða þær og gefa þeim vægi sitt (hér gilda sömu reglur og á Betri Reykjavík). Allar hugmyndir og rökstuðningur úr ferlinu eru sett á samráðsvefinn til umræðu.

## Mat á hugmyndum

Starfsfólk Reykjavíkurborgar byrjar að meta hugmyndir um leið og þær fara að berast á vefinn út frá þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í söfnun hugmynda.

Hugmyndirnar geta orðið færri en 25 fyrir hvert hverfi ef ekki berast nógu margar hugmyndir í öllu ferlinu og/eða ef ekki tekst að fella þær að þeim skilgreiningum um hugmyndir sem hér er kallað eftir.

Niðurstöðum hugmyndamats ásamt rökstuðningi verður miðlað við hverja hugmynd á samráðsvefnum.

## Hverfisráð

Að hugmyndamati loknu funda hverfisráð með starfsfólki borgarinnar um mat þeirra á innsendum hugmyndum í hverfinu. Hverfisráð stilla að því loknu allt að 25 hugmyndum upp í kosningu í hverfinu, og taka við það mið af dreifingu verkefna um hverfið og fjölbreytileika bæði verkefna og þeirra hópa sem verkefnin eru líkleg til að gagnast best.

## Hverfakosning

11. – 30. október 2018 fer fram rafræn kosning milli verkefna sem hverfisráð hafa stillt upp. Valið fer fram á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti (með Íslykli eða rafrænum skilríkjum) þar sem atkvæði er dulkóðað. Þannig er aldrei hægt að tengja atkvæði við einstaklinga. Þátttaka er opin öllum sem náð hafa 15 ára aldri þann 31. desember 2018 og hafa lögheimili í Reykjavík þegar valið fer fram. Val verkefna stendur yfir í tvær vikur í október 2018 en fyrirkomulag verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tóku gildi 1. janúar 2012.

## Framkvæmd verkefna

Verkefni verða hönnuð, boðin út og framkvæmd frá seinni hluta árs 2018 fram í október 2019 þegar gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki. Upplýsingum um framgang þeirra verður miðlað á vef Reykjavíkurborgar (Framkvæmdasjá).

Þeim hugmyndum sem ekki ná kosningu verður komið í ákveðinn farveg hjá Reykjavíkurborg, t.d. sem ábendingum til fagráða eða sem innleggi í skipulagsumræðu.

## Hvað ef ég get ekki notað samráðsvefinn?

Þau sem ekki geta sett fram hugmyndir á samráðsvef, s.s. vegna fötlunar, býðst á meðan á hugmyndasöfnun stendur að senda hugmyndir sínar með tölvupósti á [unnur.margret.arnardottir@reykjavik.is](mailto:unnur.margret.arnardottir@reykjavik.is) eða með pósti stíluðum á Betri Reykjavík, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustumiðstöðvar í hverfunum eða þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 og óska eftir aðstoð.

Sett á samráðsvefinn Betri Reykjavík þann 26. febrúar 2018

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.